

Fundargerð 145. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2023, fimmtudaginn 27. apríl kl. 13:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Álfhildur Leifsdóttir, Helgi Arnarson, Helgi Grímsson, Kristín Jóhannsdóttir og Róslín Alma Valdemarsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Anna Ingadóttir sérfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Svala Kristín Hreinsdóttir sérfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Alfa Jóhannsdóttir forvarnafulltrúi á þróunar- og alþjóðasviði sat fundinn undir fundarlið nr. 1.

1. Vinna sambandsins að þál. um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni - 2105006SA

Innleiðing vegna verkefna samkvæmt þingsályktunar nr. 37/150 um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni (forvarnaráætlun) hefur staðið yfir í rúmt ár og gengur sú innleiðing vel (sjá mælaborð: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/jafnretti/forvarnir-medal-barna-og-ungmenna-gegn-kynferdislegu-og-kynbundnu-ofbeldi-og-areitni/>)

Í loka undirbúningi er netnámskeið sem Barna- og fjölskyldustofu hefur mótað en á því er farið yfir grunnatriði kynferðisofbeldis. Markmið netnámskeiðsins er, sbr. aðgerð A.4 í þingsályktuninni, að 90% starfsfólks sem starfar með börnum og ungmennum hafi lokið því námskeiðinu í lok árs 2025. Samkvæmt ákvæði aðgerða A.2 í þingsályktunni er tekið fram að skólaskrifstofur sveitarfélaga miðli þekkingu og veiti leikskólum og grunnskólum, ásamt frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum, stuðning til að tryggja að forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni verði samþættar skólastarfi. Skólaskrifstofur bera ábyrgð á að tryggja að forvarnir gegn slíku ofbeldi verði markviss þáttur í skólastefnu sveitarfélaga og forvarnarstefnu hvers skóla. Þannig er ljóst að skólaskrifstofur sveitarfélaga gegna lykilhlutverki við innleiðingu forvarna og því mikilvægt að virkja þær enn frekar í allri innleiðingu.

Óska er eftir tillögum fræðslumálanefndar um það hvernig best væri að standa að því að kynna námskeið Barna- og fjölskyldustofu fyrir starfsfólki skóla.

Alfa Jóhannsdóttir forvarnafulltrúi kynnti stöðu innleiðingar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Innleiðing hefur gengið vel í góðu samstarfi við starfsfólk sveitarfélaga.

Fræðslumálanefnd þakkaði Ölfu fyrir greinargóða og áhugaverða kynningu á verkefninu. Fræðslumálanefnd telur að mikilvægt sé að eiga gott samstarf við skólastjórnendur um fyrirkomulag á fræðslu fyrir starfsfólk skóla. Útfærsla á fræðslunni verði að aðlaga aðstæðum og fyrirkomulagi sem best hentar hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Alfa vék af fundi kl. 13:45.

Svandís Ingimundardóttir mætti til fundar kl. 13:45.

2. Námsleyfasjóður grunnskóla 2024-2025 - 2304023SA

Anna Ingadóttir starfsmaður Námsleyfasjóðs, óskaði eftir hugmyndum fræðslumálanefndar að áherslum Námsleyfasjóðs vegna skólaársins 2024-2025.

Anna Ingadóttir starfsmaður Námsleyfasjóðs kynnti áherslusvið Námsleyfasjóðs síðustu ára. Opnað verður fyrir umsóknir um námsleyfi grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla skólaárið 2024-2025 um mánaðarmótin ágúst, september nk.

Umræður um Námsleyfasjóð og hugmyndir að áherslusviði sjóðsins næstkomandi haust. Fræðslumálanefnd var sammála um að horfa m.a. til fjölmenningar sem áherslusvið sjóðsins. Lagt til að fundarmenn fái tíma til umhugsunar og leggi til hugmyndir á næsta fundi nefndarinnar. Einnig var lagt til að fara í samstarf við Menntavísindasvið HÍ, Háskólann á Akureyri og félagsvísindadeild HÍ og fá þá til að sníða 30 eininga námskeið um farsæld og fjölmenningu og fleiri námskeið þar sem áhersla væri á skólastarf í þágu farsældar barna.

3. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - lokun aðgengi að vefnum Næsta skref - 2303031SA

Vefurinn Næsta skref fór í loftið 2016. Vefurinn er upplýsinga- og ráðgjafavefur með heildstætt yfirlit yfir störf í íslensku samfélagi og námsleiðir þar að baki. Vefurinn er mjög mikið notaður af grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólanemum ásamt fólki á vinnumarkaði sem upplýsingavefur um tækifæri til náms- og starfsframa. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur haldið utanum vefinn en sér sé ekki annað fært en að leggja hann niður þar sem FS getur ekki ein staðið að rekstri og þróun hans.

Fræðslumálanefnd taldi mikilvægt að heildstætt yfirlit yfir störf og námsleiðir þar að baki verði aðgengilegt fyrir nemendur á ýmsum skólastigum.

4. Heildstæð skólaþjónusta samráðsferli - 2301023SA

Samráð vegna áforma um heildalög um skólaþjónustu hefur verið síðustu misseri og fyrirhugað er að halda því áfram fram á sumar.

Svandís Ingimundardóttir kynnti samráðsvettvang sambandsins við mennta- og barnamálaráðuneytið vegna áforma um heildarlög um heildstæða skólaþjónustu.

Fyrirhugað er að á vorþingi Grunns, félags stjórnenda á skólaskrifstofum, verði málefnið tekið til umræðu og leitað eftir sjónarmiðum þeirra inn í áframhaldandi samráð.

Anna Ingadóttir vék af fundi kl. 15:45.

5. Talmeinaþjónusta við börn - greinargerð og fyrirbyggjandi vinna - 2301018SA

Á vormánuðum 2022 skilaði starfshópur, sem skipaður var af heilbrigðisráðherra með fulltrúum frá heilbrigðisráðuneyti, félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti, af sér greinargerð um þjónustu talmeinafræðinga við börn.

Verkefni hópsins var að skoða þjónustu við börn og ungmenni með tal- og málproskaraskanir og gera í framhaldi tillögu að framtíðarskipulagi málaflokksins með sérstakri áherslu á að horfa heildstætt á þjónustuna í takt við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og skapa þar með meiri samfellu í þjónustu við börn.

Greinargerðin hefur ekki verið gerð opinber en í ljósi faglegra álitaefna var ákveðið að skipa starfshóp með mikilvægustu haghöfum til að vinna áfram með fagleg álitaefni og að undirbúningi flutnings verkefnisins. Sem skref í átt að lausn þessa langvinna ágreinings óskar ráðuneytið eftir skriflegri greinargerð frá Félagi talmeinafræðinga annars vegar og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar um efni og tillögur greinargerðarinnar.

Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi fór yfir tillögur starfshóps um talmeinaþjónustu við börn ásamt umsögn sambandsins vegna þeirrar vinnu.

Færðslumálanefnd tók undir umsögn sambandsins og lagði til að þeim áherslum sem þar komu fram verði áfram fylgt eftir í þeirri vinnu sem framundan er í þessu máli.

Fundi var slitið kl. 14:00

Álfhildur Leifsdóttir

Helgi Arnarson

Helgi Grímsson

Kristín Jóhannesdóttir

Róslín Alma Valdemarsdóttir